

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar.

Breytingin felst í stækkun Mjólkárvirkjunar, áformum Orkubús Vestfjarða um afhendingu á endurnýjanlegu eldsneyti við Mjólkárvirkjun og nýjum byggingum í tengslum við starfsemi svæðisins ásamt heimild fyrir tímabundnar vinnubúðir.

Samhliða gildistöku, er deiliskipulag við munna Dýrafjarðarganga í landi Rauðsstaða og Borgar, nr. 958/2016, felld úr gildi.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 6. mars 2025.

Helga Þuríður Magnúsdóttir,
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2025